



## Úttekt

Málsnúmer: 2022050182

Búið til: 05/16/2022

Eigandi skjals: Ásgeir Björnsson

### Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	05/16/2022	Tími ferðar:	14:00 - 14:30
Fulltrúi HER:	Ásgeir Björnsson/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með:	Pétur Halldórsson/BV/RVK/IS
Tílefni skýrslu:	Úttekt		
Fyrirtækjaflokkur:	20.30.91 Trésmíðaverkstæði með lökkun		

### Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:		Kennitala leyfishafa:	430209-0510
Heiti leyfishafa:	Kappar ehf.	Staður leyfishafa:	Dragháls 12
Hvert eftirlitsferð var farin:		Staða reiknings:	Reikningsfært
		Númer reiknings:	22050099

### Athugasemdir

#### Skýringar á hugtökum :

Frávik eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða er um starfsemina gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni .

Ábending er skráð ef ekki er skýrt að um frávik sé að ræða en um er að ræða ástand sem heilbrigðisfulltrúi telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar , umhverfisverndar og öryggis .

#### Athugasemdir :

Þann 16. maí 2022 komu heilbrigðisfulltrúar í úttekt vegna niðurrifs/hreinsunar á lögnum með asbesti í afgirtum skurði á gatnamótum Tryggvagötu og Grófarinnar . Rætt var við Hörð og Hafþór starfsmenn Kappa ehf. , Sigurborgu starfsmann Veitna, Baldvin starfsmann Eflu og gröfumann sem hafði grafið frá lögnunum . Myndir voru teknar .

Um er að ræða asbeströr (tvær lagnir hlið við hlið) sem þvera gatnamót Grófarinnar að Tryggvagötu . Önnur lögnin voru tóm asbeströr en hin var með rafstreng . Búið var að færa til tvö rör úr tömu lögninni og leggja til hliðar . Aðeins voru sýnileg fáein brot úr lögnunum í lagnarstæðinu , og því lítil sem engin mengun af asbesti í jarðefnum nálægt lögninni . Samþykkt var að klárað yrði að grafa ofan af asbestlögnunum við vesturenda gatnamótanna áður en hreinsun á asbestinu færi fram .

Farið var yfir verklag við hreinsunina . Svæðið verður varúðarmerkt fyrir asbestvinnu þegar hún fer fram .

Rörin verða ekki brotin eða söguð við hreinsunina . Það verður bleytt í þeim til að lágmarka rykmyndun og brot . Rörin verða losuð um samskeyti og tekin í heilu lagi . Sömu leiðis verða brot tekin í heilu lagi við hreinsunina . Asbestið ásamt rafmagnskapli sem er í snertingu við það og á að farga fer ofan á þolplast í kerru með lokuðum hliðum , sem er svo pakkað inn og bönd strengd þar yfir fyrir flutning í úrgangsmóttöku .

Vegna þess hve asbeströrin eru lítið brotin er talin fullnægjandi lausn að hreinsa sýnileg asbestbrot úr jarðefnum við lögnina .

## Kröfur

---

## Niðurstaða eftirlits

---

Á einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5** - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4** - Fáein frávik / ábendingar
- 3** - Frávik / ábendingar
- 2** - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1** - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0** - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir:  
Matvæli:  
Mengunarvarnir:  
Heildareinkunn: